

Að fást við eða slást

- Starfendarannsókn á samskiptum mínum við nemendur.
- Rannsóknina vann ég fyrsta vetur minn í kennslu 2005-2006, í þriðja bekk framhaldsskóla.
- Leiðbeinandi: Hafdís Ingvarsdóttir HÍ

Rannsóknarspurningar

- Hvernig bregst ég við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?
- Hvernig finnst mér ég þurfa að bregðast við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?
- Hvernig vil ég bregðast við óvæntum atvikum í bekkjarstarfi?

Gagnasöfnun

- Dagbókarfærslur.
- Spurningar lagðar fyrir nemendur.
- Upptökur í kennslustundum.
- Viðtal við bandamann, eftir að hann hafði fylgst með samskiptum mínum við nemendur eina kennslustund.

Dagbókarfærsla

Flestum stundum líður mér vel með rannsóknina en stundum miður. Hún gerir það að verkum að ég er afar meðvituð um allt sem ég segi og geri. Ég er í stöðugri sjálfsrannsókn og sjálfsgagnrýni og mér hættir trúlega til að fara offari. Rannsóknin hefur töluverð áhrif á mig og suma daga meira en aðra: Ég á það til að dragnast heim með stöku orð og svipmynd úr skólastofunni. Leggjast síðan til svefns með nemendum mínum [. . .] og drekka með þeim kaffi í morgunsárið. Ætli nemendur þvælist svona um með kennara í hugskotinu?

Þessi 'sambúð' býður þó alls ekki heim neinni vanlíðan, öðru nær. Það er tilfinningin um að gera aldrei nógu vel sem vofir yfir. Hún er réttmæt þar sem ég þykist vita að ég get ævinlega gert betur, bætt mig á einhvern hátt. En ég mun aldrei gera nógu vel því ég er alltaf að læra, ég verð aldrei fullnuma. Þess vegna snýst mitt 'hugarstríð' um að sætta mig við að gera eins vel og ég get hverju sinni og læra af mistökum mínum. Eða, þegar á botninn er hvolft, að sætta mig við að vera manneskja.
(janúar 2006)

Spurningar lagðar fyrir nemendur (jan. 2006)

- Hvað einkennir góð samskipti milli kennara og nemenda?
- Hvað einkennir vond samskipti milli kennara og nemenda?
 - Afgerandi svar var **virðing / virðingarleysi.**

Spurningar lagðar fyrir nemendur (feb. 2006)

- Hvað merkir virðing? Taktu dæmi.
- Hvernig finnst þér virðing / virðingarleysi birtast þér í kenngslu?
- Hvaða áhrif telur þú að virðing / virðingarleysi hafi á nám þitt og námsáhuga?

Svar nemandá

Virðing merkir það að koma vel fram við hvort annað og virða skoðanir hvors annars og taka tillit til hvors annars.

D[æmi]: Kennarinn á að taka tillit til þess að nemendur hafa mikið að gera og vera sveigjanlegur í dagsetningum og skilum á prófum og verkefnum. Þó svo að það þýði að við drögumst aðeins aftur úr í þessari margumtöluðu „kennsluáætlun”.

Spurning lögð fyrir nemendur (apríl 2006)

- Hvaða ráð gætir þú gefið mér til að bæta samskipti mín við þig / nemendur?

Fáein svör nemenda

- Hafa meira samráð við nemendur. Ekki fylgja námsáætlun svona mikið. Þarf ekki alltaf að fylgja öllum reglum. Vera kannski svolítið ákveðnari.
- Fjölbreyttari kennsluaðferðir. Of mikil regludýrkun, ekki þarf að fara eftir námsáætlun algjörlega alltaf.
- Þú mættir reyna að einbeita þér meira að okkur í stað þess að fara yfir endalaus verkefni og vera stíf í að fara eftir kennsluáætlun. Það er hægt að gera námið mun skemmtilegra. T.d. hægt að horfa á video o.fl. Annars finnst mér þú góður kennari.